

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12.5.2015

Efni: Svör Landsnets við umsögnum og athugasemdum við grenndarkynningu á framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2, 220 kV.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 7. maí 2015, sem barst með tölvupósti, þar sem óskað er umsagnar Landsnets um umsagnir og athugasemdir við grenndarkynningu vegna framkvæmdaleyfis fyrir Suðurnesjalínu 2.

I. Lögbundnar umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Minjastofnun Íslands, dags. 20.08.2014
- Vegagerðinni, dags. 11.02.2015
- Umhverfisstofnun, dags. 16.02.2015
- Veðurstofunni, dags. 23.02.15
- Skipulagsstofnun, dags. 24.02.15
- Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Almannavörnum, dags. 25.02.15
- Isavia og Samgöngustofu, dags. 10.03.15
- Orkustofnun, dags. 23.03.15
- Skógrækt ríkisins, dags. 24.03.15

Ekki koma fram ábendingar eða athugasemdir í umsögnum Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar, Isavia og Samgöngustofu, Orkustofnunar eða Skógræktar ríkisins sem talin er ástæða til að svara. Eftirfarandi eru svör Landsnets við öðrum umsögnum:

Minjastofnun Íslands

Í gögnum Hafnarfjarðar er vísað til umsagnar Minjarstofnunar um skráningu fornleifa á línusvæðinu dags. 20.08.14 en þar vísar Minjastofnun í fornleifaskráningarskýrslur Fornleifafræðistofnunar frá árunum 2009 og 2014, ásamt umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar um skýrslurnar.

Svör Landsnets: Landsnet bendir á að í kjölfar athugasemda Byggðasafnsins og Minjastofnunar var gerð ítarlegri skráning á fornminjum og hefur Minjastofnun Íslands gefið út nýrri umsögn um fornminjar í landi Hafnarfjarðar byggt á nýrri gögnum (sjá meðfylgjandi erindi dags. 3. október 2014). Viðbótarskráningarnar ásamt umsögn Minjastofnunar um þær voru sendar Hafnarfjarðarbæ með tölvupósti dags. 17.10.2014 og í pósti með erindi dagsettu sama dag. Í þessum viðbótargögnum eru gefnar frekari upplýsingar um staðsetningu stíga og jafnframt staðfest að rústum í Straumseli stafi ekki hætta af framkvæmdinni.

Í nýrri umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin geri ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 í landi Hafnarfjarðar.

Veðurstofan, Slökkviðlið höfuðborgarsvæðisins og Almannavarnir

Umsögn Veðurstofunnar, Slökkviðliðs höfuðborgarsvæðisins og Almannavarna eru samhljóða er varðar áhættumat og veðurtengda atburði.

Svör Landsnets: Fjallað var um náttúruvá í mati á umhverfisáhrifum. Einnig eru veðurálag og áhættumál forsendur við hönnun línunnar.

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn beri ábyrgð á útgáfu framkvæmdaleyfa og leggi mat á hvort fyrir liggja tilskilinn skipulagsgrunnur fyrir leyfisveitingu. Skipulagsstofnun geti aðeins gefið álit á því. Að mati stofnunarinnar er lýsing á framkvæmdinni í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar ekki ítarleg og mælir stofnunin því með að leyfisumsóknin verði grenndarkynnt skv. skipulagslögum, en með því fái hagsmunaaðilar á svæðinu m.a. tækifæri til að kynna sér framkvæmdir. Stofnunin bendir jafnframt á að gæta þurfi að eftirfarandi:

- Hvort breyta þurfi deiliskipulagsáætlunum þar sem línan liggur um eða við svæði þar sem í gildi er deiliskipulag.
- Að hönnunargögn og afstöðumyndir sýni að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag og byggi á þeim gögnum sem lágu til grundvallar álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.
- Að samþykki landeigenda á svæðinu liggja fyrir, svo og umsagnir lögbundinna aðila.
- Að við samþykktina sé tekin afstaða til skilyrða sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar frá 2009.
- Að birt sé auglýsing um ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis.

Svör Landsnets:

- Nákvæmni gagna í aðalskipulagi: Landsnet bendir á að framkvæmdinni var gerð ítarleg skil í breytingu á aðalskipulag Hafnarfjarðar vegna Suðvesturlína og einnig var gerð umhverfisskýrsla með breytingunni í samræmi við lög um umhverfismat áætlana, nr. 106/2005. Breytingin var í vinnslu samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Því er það mat Landsnets að nákvæmar upplýsingar liggja fyrir um framkvæmdina í skipulagi og umhverfismati.
- Deiliskipulag: Gert er grein fyrir framkvæmdinni á öllum gildandi deiliskipulagsáætlunum. Eins og reglugerð um framkvæmdaleyfi kveður skýrt á um hefur sveitarfélagið heimild til þess að gefa út framkvæmdaleyfi byggt á gildandi aðalskipulagi að loknu umhverfismati fyrir framkvæmdina.
- Hönnunargögn: Með ósk um framkvæmdaleyfi voru send gögn sem eru í samræmi ákvæði reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Í gögnunum er því m.a. lýst að framkvæmdin er í samræmi við álit Skipulagsstofnunar um MÁU.
- Samþykki landeigenda: Samþykki allra landeigenda í Hafnarfirði liggur fyrir en þar er um að ræða Skógrækt ríkisins, eigendur Óttarsstaða og eigendur Lónakots.
- Afstaða til skilyrða sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar: Bent er á að öll skilyrði eru tekin saman í gögnum með ósk Landsnets um framkvæmdaleyfi. Einnig var matsskýrsla fyrir framkvæmdina, álit Skipulagsstofnunar og önnur gögn sem tengjast umhverfismatinu send með beiðni um framkvæmdaleyfi.

II. Svör Landsnets við athugasemdum um grenndarkynningu:

Í athugasemd Ómars Smára Ármannsson Eskivöllum 21b segir að tillagan sé óásættanleg. Það sé skilyrðislaus réttur íbúanna að línun verði fjarlægð frá íbúðabyggðinni. Það sé óþolandi að hafa þetta tröllaukna eindæma ljóta mannvirki fyrir augunum og meiri en minni líkur séu á heilsuspillandi áhrifum frá línunum. Þá er minnt á loforð bæjaryfirvalda um að línun yrði fjarlægð eða grafin í jörð.

Í athugasemd Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagssins og Péturs H. Péturssonar, Kvistavöllum 47, kveður við sama tón. Gerð er athugasemd við nýjar loftlínur vegna sjón og hávaðamengunar og áhrifa á heilsufar fólks. Þá er minnt á loforð bæjaryfirvalda um að umræddar loftlínur sem liggja meðfram byggð fari í jörð, og breyti þar engu að um sé að ræða bráðabirgða loftlínu.

Einnig taka athugasemdir Ragnhildar Jónsdóttir og Lárusar Vilhjálmsson, Álfagarðinum Hellisgerði, f.h. huldufólks, álfa og dverga í Hafnarfirði, og athugasemdir Hraunavina á sambærilegum þáttum, þ.e. áhrifum á sjónræna þætti, hraun, útivist og ferðapjónustu, hávaða og rafmengun. Í tveimur síðastnefndu athugasemdunum er jafnframt mótmælt loftlínun og lagt til að þær séu lagðar með vegum í jarðstreng. Hraunavinir vitna í álit Skipulagsstofnunar frá 2009 að neikvæðustu áhrifin verði sjónræn áhrif og áhrif á landslag og þar með einnig á útivist og ferðapjónustu. Áhrifin verði verulega neikvæð. Fyrirhugaðar línur verði lagðar um mosagróin nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Einnig að nýlagning lína geti haft neikvæð áhrif á fugla vegna áflugshættu og búseturöskunar.

Samhjóða athugasemdir bárust frá Rósmundi H. Rósmundssyni Fléttuvöllum 36, Bjarna Þór Gunnlaugssyni Drekavöllum 37, Hans Jörgen Hansen Drekavöllum 30, Vigdís Birnu Rósmundsdóttur Fléttuvöllum 36, Viðari Kristinssyni og Sigríði Baldursdóttur Drekavöllum 41, Guðrúnu Guðmundsdóttur Eskivöllum 9b, M. Mollý Fléttuvöllum 23, Roland Víkingi Buchholz, Harpu Hrönn Magnúsdóttir Klukkuvöllum 50, Lárusi G Brandssyni og Ingibjörgu Marinósdóttur Fléttuvöllum 24, Þorkeli og fjölskyldu Furuvöllum 6, sem mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum. Auk þess bárust um þetta yfir 800 undirskriftir íbúa á Völlum. Þessar athugasemdir eru efnislega samhljóma þeim athugasemdum sem á undan er getið.

Svör Landsnets: framangreindar athugasemdir fjalla um a) loforð bæjaryfirvalda um jarðstrengi, b) áhrif af völdum framkvæmdarinnar á ýmsa umhverfisþætti og c) að leggja eigi línuna í jörð. Landsnet tekur ekki afstöðu til athugasemda sem varða loforð bæjaryfirvalda til bæjarbúa. Bent er á að framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag og er hefur verið lagt mat á umhverfisáhrif af völdum framkvæmdarinnar. Álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum Suðvesturlína, þ.m.t. Suðurnesjalínu 2, lá fyrir árið 2009. Í mati á umhverfisáhrifum er ítarlega fjallað um umhverfisáhrif á þá þætti sem tilteknir eru í ofangreindum athugasemdum. Í umhverfismatinu eru jafnframt tilteknar mótvægisáðgerðir og vöktun sem fyrirtækið mun fara eftir. Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar liggja því skýrt fyrir og öllum lögbundnum kynningar- og undirbúningsferlum hefur verið fylgt. Bæjaryfirvöld hafa staðfest fyrir sitt leyti fyrirkomulagið með gildistöku aðalskipulags og breytingu á deiliskipulagsáætlunum þar sem það á við.

Hvað varðar ábendingar um jarðstrengi þá var fjallað um þann í matsskýrslu Suðvesturlína og gerð ítarlega grein fyrir því af hverju sá kostur er ekki talinn raunhæfur fyrir meginflutningskerfið. Síðan þá hafa jarðstrengskostir áfram verið til skoðunar og má benda á nýlega skýrslu um jarðstrengi sem

staðfestir að síðan að matsskýrsla fyrir Suðvesturlínur lá fyrir hafa forsendur fyrir jarðstrengjum á hárrí spennu í flutningskerfi Landsnets ekki breyst. Skýrsluna má nálgast á eftirfarandi slóð¹.

Jafnframt bendir Landsnet á að gert er ráð fyrir að í framtíðinni muni einungis liggja jarðstrengir að tengivirkinu við Hamranes. Fyrirtækið hefur tekið ákvörðun um það að leggja ekki bráðabirgðaloftlínu að Hamranesi heldur ráðast þess í stað strax í jarðstreng á kaflanum frá Hraunhelli að tengivirkinu.

Athugasemdir Kára Waage, Stefáns Georgssonar, Unnar Bjarkar Áskelsdóttir, Matthew Peter Abrachinsky og Davíðs Arnar Friðrikssonar lúta að því að íbúarnir séu á móti því að ný loftlína komi inn í tengivirkið og óljóst sé hvað átt sé við með línu til bráðabirgða þar sem að ekki sé tímasett hvenær hún verði sett í streng. Eyrún Linnét bendir á að hún telji grenndarkynninguna villandi að þessu leyti, þ.e. að bráðabirgðalína fari í jarðstreng þegar tengivirki verði komið í Hrauntungum.

Svör Landsnets: Landsnet hefur tekið ákvörðun um það að leggja ekki bráðabirgðaloftlínu að Hamranesi heldur ráðast þess í stað strax í jarðstreng á kaflanum frá Hraunhelli að tengivirkinu.

Unnur Björk Áskelsdóttir og Matthew Peter Abrachinsky benda einnig á að við ákveðna kringumstæður heyrri þau suð frá línunni og þau telji sig verða fyrir beinum áhrifum af þessu.

Svör Landsnets: Vísað er til svara hér að framan um mat á umhverfisáhrifum. Í umhverfismatinu var m.a. fjallað um hljóðstig og raf- og segulsvið í kringum línurnar. Niðurstaða matsins var sú að þessir þættir eru innan marka reglugerða og alþjóðlegra staðla.

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands (NSV) mótmæla því að reistar verði háspennulínur í svo mikilli nálægð við byggð, yfir ósnortið hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, á vatnsverndarsvæði í mikilli nálægð við brunnsvæði vatnsverndar og hverfisverndarsvæði. Lagt er til að Hafnarfjarðarbær geri þegar í stað kröfu um að Suðurnesjalína verði lögð í jörð með vegum sem og allar raflínur innan bæjarins.

Svör Landsnets: Vísað er til umfjöllunar í svörum hér að framan varðandi umhverfisáhrif almennt. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Lögð er áhersla á það af Landsneti að við framkvæmdir verði í einu og öllu farið eftur skilyrðum í umhverfismati, raski haldið í lágmarki og gerðar strangar kröfur til verktaka um ástand tækjabúnaðar.

Í athugasemdum NSV er því haldð fram að framkvæmdarleyfi sé skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum liður í umhverfismati eins og þau lög ber að skýra með hliðsjón m.a. af 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/92/ESB og 6. gr. Árósasamningsins. Ekki nægir því að grenndarkynna framkvæmdina heldur ber að deiliskipuleggja það svæði sem um ræðir. Hafnarfjarðarbær hafi allan rétt til að hafna tillögum Landsnets eða gera kröfur um breytingar á framkvæmdaráætlun.

¹<http://www.landsnet.is/library/Skrar/Frettir/2015/2015.02.12/lagning%20jarðstrengja%20á%20hærri%20spennu.pdf>.

Svör Landsnets: Framangreindum athugasemdum NSV er mótmælt. Skýrt er tekið fram í reglugerð um framkvæmdaleyfi að heimilt sé að veita leyfi fyrir framkvæmd án þess að deiliskipulag liggja fyrir og hefur Skipulagsstofnun staðfest þetta. Bent er á að þar sem farið er um þegar deiliskipulögð svæði er gerð grein fyrir línunni. Það er einungis innan óbyggðra svæða sem ekki er um deiliskipulag að ræða og ljóst er að deiliskipulag myndi engu bæta við varðandi útfærslur og skilyrði fyrir framkvæmdinni sem að ekki liggur þegar fyrir í aðalskipulagi, mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfisgögnum. Hafnarfjarðrabæ er heimilt, og raunar skylt, að veita heimild fyrir framkvæmd sem hefur lokið málsmeðferð skv. aðalskipulagi og mati á umhverfisáhrifum.

Í athugasemdum NSV segir að samkomulagið í ágúst 2009 hafi hindrað þátttöku almennings við réttláttra málsmeðferð og í athugasemdaferli þar sem allir kostir voru uppi á borðum m.a. við umhverfismat framkvæmdarinnar. Samkomulagið sé þar af leiðandi ólöglegt og umhverfismatið einnig, þar sem búið var að semja um ákveðna kosti fyrirfram. Sama á við um viðauka við samkomulagið frá 25. okt. 2012 sem hindraði aðkomu almennings í umsagnaferli að aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Svör Landsnets: Landsnet mótmælir fullyrðingum þess efnis að umrætt samkomulag sé ólöglegt eða það hafi hindrað lögbundna málsmeðferð. Við útfærslu stórra framkvæmda er nauðsynlegt og eðlilegt að skipulagsyfirlöng og viðkomandi fyrirtæki vinni saman að útfærslu framkvæmdar. Tillögur að framkvæmd mótast m.a. af þessari samráðsvinnu, auk samráðst við aðrar hlutaðeigandi stofnanir, hagsmunasamtök og landeigendur. Í kjölfarið fá þær útfærslur lögformlega meðferð og kynningu í samræmi við skipulagslög, lög um umhverfismat áætlana og lög um mat á umhverfisáhrifum. Allar útfærslur eru háðar niðurstöðu þessara ferla og var það raunin í þessu verkefni. Benda má á að í umhverfismati var lagt mat á mismunandi kosti um legu línanna í Hafnarfirði.

Í athugasemdum NSV segir einnig að skv. 5. lið 9. gr. raforkulaga skuli Landsnet sjá til þess að fyrir liggja spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. 220kV Suðurnesjalína 2 sé langt umfram raforkuflutningsþörf samkvæmt raforkuspá Orkuspárnefndar.

Verð á 132kV jarðstreng sé mjög sambærilegt við loftlínu og gæti sparað kostnað við allar bráðabirgðaloftlínur og jafnvel sparað milljarða við ný tengivirki. Mjög auðvelt væri að leggja allar núverandi og fyrirhugaðar raflínur í jörð með vegum innan Hafnarfjarðar og alla leið til Njarðvíkur. Jarðstrengirnir koma ekki til með að hamla byggð, íbúar verða lausir við óþægindi af háspennulínum s.s. vindgnauð, hættu á rafsegulmengun, sjónmengun og ekki þarf að spilla ósnortnum útivistarsvæðum með háspennulínum, háum möstrum eða nýjum vegaslóðum með tilheyrandi jarðraski. Hætta á sínkmenngun á vatnsból og jarðveg verður þá engin.

Ljóst er að upprunalegur tilgangur Suðurnesjalínu 2 og Suðvesturlína í heild var að flytja rafmagn til álvers í Helguvík. Áætluð raforkuþörf þess var um 600 MW og áætluð flutningsgeta Suðurnesjalínu 2 var 690 MVA. Í framkvæmdarleyfis umsókn Landsnets fyrir Suðurnesjalínu 2 kemur hinsvegar fram að flutningsgeta línunnar hefur verið lækkuð í 470 MVA. Landsnet gerir því ekki ráð fyrir álveri í Helguvík. ekki forsenda fyrir því að Hafnarfjarðrabær veiti Landsneti afslátt af kröfum um að leggja allar línur innan bæjarmarkanna þegar í stað í jörð.

Svör Landsnets: Landsnet bendir á að leyfi Orkustofnunar fyrir Suðurnesjalínu 2 liggur fyrir. Suðurnesjalína 2 er mikilvæg fyrir hið almenna flutningskerfi burtséð frá þörfum einstakra notenda. Núverandi Suðurnesjalína 1 er eina tenging Reykjanesskaga við meginflutningskerfi Landsnets og hafa bilanir á henni oft valdið straumleysi og vandkvæðum, síðast algjöru straumleysi á öllum Suðurnesjum í tvær klukkustundir hinn 6. febrúar 2015. Flutningsgeta línunnar, sem rekin er á 132 kV spennu, er fullnýtt. Mikið álag veldur enn frekari hættu á truflunum á raforkuflutningum, sem valdið getur verulegu tjóni hjá notendum. Það er því brýnt hagsmunamál íbúa og atvinnulífs á Reykjanesi að flutningskerfi raforku verði styrkt sem fyrst. Tvær háspennulínur í stað einnar munu auka verulega rekstraröryggi raforkukerfisins á svæðinu. Ljóst er að kerfi á 132 kV spennu mun ekki duga til að uppfylla þessa flutningsþörf til framtíðar.

Í athugasemdum NSV segir einnig að tvær kærur vegna leyfisveitingar Orkustofnunar benda til þess að leyfisveitingin er slíkum annmörkum háð að ekki er hægt að byggja á henni sem lögmætri. Gerð er krafa um að beðið sé niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og dómstóla áður en framkvæmdarleyfi verður veitt. Þar sem Suðvesturlínur, þ. á m. Suðurnesjalína 2, sættu ekki umhverfismati áætlana áður eða samhliða því að umhverfismat framkvæmdar fór fram er undirbúningur framkvæmdarinnar í heild ólöglegur og ber Hafnarfjarðarbæ því að stöðva meðferð málsins og fella það niður.

Umhverfismat Suðvesturlína er einnig ólöglegt vegna samkomulaga Landsnets við sveitarfélögin á línuleiðinni sem hindraði aðkomu almennings að réttlátri málsmeðferð og að aðrir valkostir en sá sem samið hafði verið um, s.s. jarðstrengir, væru teknir til raunverulegrar skoðunar.

Svör Landsnets: Landsnet hafnar þessari röksemdafærslu alfarið. Bent er á að leyfi Orkustofnunar hefur tekið gildi. Í samræmi við almennar réttarreglur frestar stjórnarsýslukæra eða málskot til dómstóla ekki réttaráhrifum stjórnvaldsákvörðunar. Ekkert í kærunum styður það að beðið sé með framkvæmdina þar til að niðurstaða úr þeim liggur fyrir og NSV er annar kæranda og því alfarið byggt á huglægu mati af hálfu samtakanna. Það er rangt að Suðurnesjalína 2 hafi ekki sætt umhverfismati áætlana. Slíkt var gert í tilviki allra sveitarfélaga sem hluti af undirbúningi skipulagsáætlana. Ítrekað er að við útfærslu stórra framkvæmda er nauðsynlegt og eðlilegt að skipulagsyfirvöld og viðkomandi fyrirtæki vinni saman að útfærslu framkvæmdar. Tillögur að framkvæmd mótast m.a. af þessari samráðsvinnu, auk samráðs við aðrar hlutaðeigandi stofnanir, hagsmunasamtök og landeigendur. Í kjölfarið fá þær útfærslur lögformlega meðferð og kynningu í samræmi við skipulagslög, og lög um mat á umhverfisáhrifum. Allar útfærslur eru háðar niðurstöðu þessara ferla og var það raunin í þessu verkefni.

Hörður Einarsson f.h. Reykjavrents ehf.

Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður f.h. Reykjavrents ehf., Síðumúla 14, 108 Reykjavík sem er er einn af eigendum Heiðarlands Vogajarða í Sveitarfélaginu Vogum, segir að allt frá upphafi hafi undirbúningur máls þessa og meðferð þess verið haldin verulegum annmörkum. Þegar farið var út í umhverfismat (framkvæmdarmat) Suðvesturlína á árinu 2009 hafði framkvæmdin ekki verið metin samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, svo sem lögskýlt er. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hefði átt að áætla og umhverfismeta Suðvesturlínur, þ.á m. Suðurnesjalínu 2, sem hluta af kerfisáætlun Landsnets einhvern tíma á árunum 2006-2009, sbr. auk laganna um umhverfismat áætlana ákvæði 5. tölul. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þess háttar áætlanagerð og

umhverfismat fór ekki fram innan vébanda kerfisáætlunar. Bæði Landsnet og Skipulagsstofnun virtust af óútskýrðum ástæðum ekki telja þörf á að fara eftir lögum um umhverfismat áætlana, en báðir þessir opinberu aðilar höfðu upplýsinga- og rannsóknarskyldu í málinu. Með úrskurði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hinn 21. maí 2013 var úr því skorið, að kerfisáætlun Landsnets félli undir gildissvið laganna um umhverfismat áætlana og felld úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar í gagnstæða átt.

Svör Landsnets: Landsnet hafnar því að úrskurður umhverfis- og auðlindaráðherra, frá 21. maí 2013, sé túlkaður með þeim hætti sem gert er að framan og ljóst að hann hefur ekki afturvirk áhrif. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefur farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000 og engin skilyrði eru fyrir því að áður hafi verið fram mat samkvæmt lögum nr. 105/2006, enda mat á umhverfisáhrifum mun ítarlegra í alla staði og á engan hátt sambærilegt. Eins og kom fram að framan er það hins vegar ekki rétt að framkvæmdin hafi ekki sætt mati samkvæmt lögum nr. 105/2006 því ákvæði laganna eiga við um skipulagsáætlanir og var framkvæmdin bæði metin á áætlanastigi í öllum viðkomandi sveitarfélögum samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana.

Í umsögn Harðar kemur fram að umhverfismat Suðvesturlína 2009 sé haldið ótalmörgum verulegum annmörkum, svo sem rakið hefur verið m.a. í bréfum LEX lögmannna f.h. ýmissa landeigenda í Sveitarfélaginu Vogum. Þeir annmarkar, sem bent er á í umræddum bréfum eru allir svo verulegir, að þeir hljóta að valda ógildingu matskýrslu Landsnets og áliti Skipulagsstofnunar í málinu. Verður þess vegna ekki á þessum gerningum byggt í málinu.

Svör Landsnets: Þessari fullyrðingu er mótmælt. Framkvæmdin hefur hlotið fullnægjandi meðferð samkvæmt skipulagslögum, lögum um umhverfismat áætlana og lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Harðar kemur einnig fram að grenndarkynning á máli þessu feli í sér gjörsamlega ófullnægjandi meðferð á umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi. Þar sem um meiriháttar framkvæmd er að ræða hefði auðvitað verið réttara að því er skipulag varðar að beita deiliskipulagi heldur en grenndarkynningu, sem yfirleitt er notað í minni háttar málum. Hafnarfjarðarbær hefur við meðferð málsins vanrækt umhverfismatshlutverk sitt. Fer ekki með málið sem hluta af umhverfismati, svo sem skylt er að lögum, sbr. lög nr. 106/2000, eins og þau lög ber að skýra með hliðsjón m.a. af 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/92/ESB og 2.-6. mgr. 6. gr. Árósasamningsins.

Svör Landsnets: Skýrt er tekið fram í reglugerð um framkvæmdaleyfi að heimilt sé að veita leyfi fyrir framkvæmd án þess að deiliskipulag liggja fyrir og hefur Skipulagsstofnun staðfest þetta. Bent er á að þar sem farið er um þegar deiliskipulögð svæði er gerð grein fyrir línunni. Það er einungis innan óbyggðra svæða sem ekki er um deiliskipulag að ræða. Ljóst er að deiliskipulag myndi engu bæta við þau varðandi útfærslu og skilyrði fyrir framkvæmdinni sem að ekki liggur þegar fyrir í aðalskipulagi, matskýrslu vegna framkvæmdarinnar og framkvæmdaleyfisgögnum. Hafnarfjarðrabæ er heimilt, og raunar skylt, að veita heimild fyrir framkvæmd sem hefur lokið málsmeðferð skv. aðalskipulagi og mati á umhverfisáhrifum.

Bent er á að það er hlutverk Landsnets að fara með framkvæmdina samkvæmt lögum nr. 106/2000 en ekki sveitarfélagsins og hefur það verið gert. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum skv. framangreindum lögum liggur fyrir.

Lex lögmansstofa f.h. landeigenda í sveitarfélaginu Vogum

Ásgerður Ragnarsdóttir Lex Lögmenn gætir hagsmuna nokkurra landeigenda í Sveitarfélaginu Vogar, þar á meðal Reykjavrents ehf. sem skilaði athugasemdum sérstaklega, sbr. hér að framan. Landeigendurnir byggja á því að ekki séu lagaskilyrði til þess að veita Landsneti framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu í kjölfar grenndarkynningar. Meginreglan sé sú að framkvæmdaleyfi sé gefið út á grundvelli deiliskipulags. Liggi það ekki fyrir sé heimilt að veita framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Í reglugerð um framkvæmdaleyfi er auk þess bætt við að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum. Landeigendur telja að lagning loftlínu samræmist illa meginforsendum Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2015 og ljóst sé að ekki sé uppfyllt það skilyrði að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum. Vitnað er í umsögn Skipulagsstofnunar um Suðvesturlínur í heild sinni, að "þegar lagt er mat á þau áhrif sem fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í heild sinni m.t.t. sjónrænna þátta og landslags verði áhrif þeirra óhjákvæmilega verulega neikvæð. Þá liggja línurnar á löngum köflum um friðlýst svæði, hverfisverndarsvæði, hraunasvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. Náttúruverndarlögum auk svæða sem eru á náttúruminjasrá." Skipulagsstofnun komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir og gróður verði talsvert neikvæð og óafturkræf.

Svör Landsnets: Landsnet vísar til svara við sambærilegum athugasemdum hjá NSV og Reykjavrenti ehf. hér að framan. Mmótmælt er þeim skilningi sem lagður er í ákvæði reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Ljóst er að allar forsendur liggja fyrir og lagaskilyrðum til útgáfu framkvæmdaleyfis uppfyllt. Minnt er á að gerð var sérstök aðalskipulagsbreyting ásamt umhverfisskýrslu, gerðar voru breytingar á deiliskipulagi þar sem deiliskipulag lá þegar fyrir og mati á umhverfisáhrifum var lokið fyrir framkvæmdina.

Landeigendur telja að verulegur vafi leiki á lögmæti framkvæmdarinnar og beðið sé úrskurðar dómstóla um það. Þeir hafi kært til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun Skipulagsstofnunar um að hafna annars vegar að endurskoða matsskýrslu vegna Suðurnesjalínu 2 og hins vegar að endurskoða álit stofnunarinnar vegna matsskýrslunnar. Af hálfu landeigenda hafa verið höfðuð dómsmál um lögmæti ákvarðana ráðuneytis um lögmæti eignarnáms og ákvörðun Orkustofnunar um leyfisveitingu línunnar til Landsnets. Einnig á hendur íslenska ríkinu og Landsneti til ógildingar úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta og þeir hafa kært leyfisveitingu Reykjanesbæjar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Landeigendur telja einsýnt að biða beri niðurstöðu þessara mála áður en ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis er tekin.

Svör Landsnet: Eins og fram kemur hafa tilvitnaðir umbjóðendur LEX höfðuð bæði dómsmál og kært á stjórnarsýslustigi ýmsa þætti er varða framkvæmdina. Lýsir þetta eindreginni andstöðu þeirra við framkvæmdina. Það er réttur þeirra að bera mál sín undir dómstóla eða kæra stjórnvaldsákvæðanir svo fremi þau hafi lögvarinna hagsmuna að gæta. Slík málaferli eða stjórnarsýslukærur fresta almennt ekki réttaráhrifum stjórnvaldsákvæðana, sbr. m.a. 60. gr. stjórnarskrárinnar og 29. gr. stjórnarsýslulaga. Þá er það ljóst að við útgáfu framkvæmdaleyfa samkvæmt skipulagslögum ber ekki að endurskoða þær ákvæðanir eða lögbundnu ferla sem framkvæmdin hvílir á og því eiga athugasemdir þessar ekki við.

LEX lögmansstofa telur að gallar séu á umhverfismati og telja að Hafnarfjarðarbæ sé skylt að skoða athugasemdir þeirra og meta sjálfstætt hvort umhverfismatið sé nægjanlegur grundvöllur fyrir framkvæmdaleyfi. Einnig er talið að umhverfismat áætlana hafi ekki farið fram og talið að umfjöllun í matsskýrslu um aðra mögulega valkosti við framkvæmdina sé um margt ábótavant.

Einnig umfjöllun um jarðstrengi, m.a. varðandi kostnað, rekstrar og afhendingaröryggi og umhverfisáhrif.

Svör Landsnets: Framangreindar athugasemdir lúta efnislega að þeim ágreiningi sem umbjóðendur LEX lögmansstofu hafa borið undir annað hvort dómstóla eða skotið til úrskurðar æðra stjórnvalds. Ljóst er því að athugasemdir þessar eru ekki hluti þeirra atriða sem til skoðunar koma við útgáfu framkvæmdaleyfis eins og að framan er getið. Þá er engin grein gerð fyrir því í hverju gallar á umhverfismati eru fólgir. Áréttað er að álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir og þar segir að Skipulagsstofnun telji „að matsskýrsla Landsnets hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005“. Einnig vill Landsnet leiðrétta þá staðhæfingu LEX að ekki hafi farið fram umhverfismat áætlana. Hið rétta er að breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar vegna Suðvesturlína var metið samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana. Í matsskýrslu fyrir Suðvesturlínur voru t.a.m. skoðir mismunandi kostir um legu línanna í landi Hafnarfjarðar, auk þess sem gerð var grein fyrir jarðstrengjum á ítarlegan hátt í frummatsskýrslu, þrátt fyrir að slíkur kostur væri talinn óraunhæfur nema á styttri köflum á milli Hrauntungna og Hamraness.

Að lokum telja landeigendur að brotið hafi verið á rétti þeirra til þátttöku við val á framkvæmdakosti vegna Suðurnesjalínu 2.

Svör Landsnets: Landsnet vísar til fyrri svara hér að framan um valkosti í Hafnarfirði. Þess ber að geta að í flóknum framkvæmdum eins og uppbyggingu orkuflutningskerfisins, þar sem farið er um langan veg, er það ábyrgð Landsnets, og einnig skipulagsyfirvalda, að líta til heildarhagsmuna við uppbyggingu kerfisins og leita leiða til að minnka heildaráhrif framkvæmdarinnar fremur en að líta einungis til hagsmuna einstakra landeigenda sem eiga þrengri hagsmuna að gæta. Því er mótmælt að rétti landeigenda til þátttöku við val á framkvæmdakostum hafi verið fyrir borð borinn. Haldinn var fjöldi funda á undirbúningsstigi framkvæmdar þar sem landeigendum gafst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets hf.



Nils Gústavsson,

deildarstjóri framkvæmda.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Minjastofnunar til EFLU, dags. 3. október 2014.
2. Bréf Minjastofnunar til EFLU, dags. 16. október 2014.
3. Bréf Ragnheiðar Traustadóttur fornlf. til Minjastofnunar, dags. 6. október 2014.

Efla
Ólafur Arnason,
Höfðabakka 9
110 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 3. október 2014

Fvr 2014100005 IKM

Efni: Umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Suðurnesjalínu 2 í landi Hafnarfjarðar.

Minjastofnun Íslands hefur borist beiðni um umsögn um fyrirhugaða lagningu Suðurnesjalínu 2 um Hafnarfjörð. Með beiðninni fylgdi ný skýrsla Fornleifafræðistofunnar, *Endurskoðun á skýrslum um fornleifar í Hafnarfirði vegna framkvæmdaleyfis fyrir Suðurnesjalínu 2*. Áður lágu fyrir tvær skýrslur Fornleifafræðistofunnar, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ* frá 2009 og *Fornleifaskráning vegna Suðvesturlínu í hraununum sunnan við álverið í Straumsvík* frá 2014.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar lagningar háspennulínu frá Hamranesi í Hafnarfirði að sveitarfélagsmörkum við Sveitarfélagið Voga með bréfi til Hafnarfjarðarbæjar dags. 20.08.2014. Gagnrýni á fyrirbyggjandi fornleifaskráningu hafði borist frá Bygðasafni Hafnarfjarðar og óskaði Hafnarfjarðarbær því eftir umsögn Minjastofnunar Íslands.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kom fram að hnitsetja þyrfti gamlar götur á svæðinu sem áður höfðu verið skráðar að hluta. Þá var vakin athygli á að skv. loftmynd í fornleifaskráningarskýrslu eru varða (338:1) og skotbyrgi (339:1) staðsett í eða mjög nærri línustæðinu og að Gerðisstígur/Efrihellnastígur (294:1) liggur meðfram línustæðinu á svæðinu austanverðu þar sem línan liggur til suðurs. Minjastofnun Íslands taldi að kanna þyrfti betur hvort leifar leiðarinnar sjást í nágrenni línustæðisins og ef svo er þyrfti að gera ráðstafanir til að leiðinni verði ekki raskað af vangá. Í umsögn Bygðasafns Hafnarfjarðar var fullyrt að línuvegur muni fara nánast alveg við vegghleðslu sem afmarkar Straumssel og að í kringum selið séu minjar sem ekki voru skrásettar í fornleifaskráningarskýrslum. Í ljósi þessa taldi Minjastofnun Íslands nauðsynleg að minjar í nágrenni Straumssels yrðu skoðaðar betur og skrásettar og að að því loknu yrði nýtt mat lagt á hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línulögnina.

Í nýrri skýrslu Fornleifafræðistofunnar kemur fram að allir stígar á svæðinu hafa verið hnitsettir frá línuvegi í norðri að viðkomandi selstöðum í suðri eða frá seljunum til norðurs eftir því sem við á. Lega stíganna hefur verið færð inn á loftmynd. Minjastofnun Íslands telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerð en bendir á að halda ber raski á stígnum í lágmarki þar sem línuvegur mun þvera þá. Varðandi Gerðisstíg/Efrihellnastíg (nr. 294:1) segir í skýrslunni að stígsins hafi verið leitað og hann hnitsettur þar sem talið er að hann geti legið. Ekki var hægt að rekja leiðina mikið suður fyrir Rauðsmelsréttina. Fram kemur að leiðin sé yfirleitt óræð og hafir líklega hríslast um svæðið á árunna rás. Leiðin liggur utan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar skv. loftmynd á bls. 6 í skýrslu

Fornleifafræðistofunnar og henni ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdinni.

Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar er fjallað um Straumssel. Þar segir að útmörk áhrifasvæðis hinnar fyrirhugaðu línu séu um 50 m frá Straumsseli og að línan sjálf sé í um 150 m fjarlægð frá selinu. Þá segir að engar fornleifar hafi fundist norðan við rústir Straumssels, þ.e. nær fyrirhugaðri háspennulínu, þrátt fyrir að leitað hafi verið að fornleifum á því svæði. Minjastofnun Íslands telur, í ljósi þessa, að minjum sem tilheyra Sraumsseli stafi ekki hættu af fyrirhugari framkvæmd.


Í fornleifaskráningarskýrslunni er greint frá því að upplýsingar hafi fengist frá Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðingi um minjar á svæðinu. Þessar minjar eru númer 344-351 í skýrslu Fornleifafræðistofunnar. Af þessum 8 minjum eru 6 vörður og 2 fjárskjól. Tvær af vörðunum (nr. 349:1 og 350:1) eru fjarri áhrifasvæði framkvæmdarinnar og stafar því ekki hættu af henni. Fjárskjólín (nr. 348:1 og 351:1) og hinar vörðurnar (nr. 344:1 – 347:1) eru á eða rétt við áhrifasvæðið. Minjastofnun Íslands telur að þessar minjar þurfi að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Ef ekki verður komist hjá raski á fornleifum þarf að sækja um leyfi til þess til Minjastofnunar Íslands, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar, og sæta þeim skilyrðum sem stofnunin kann að setja fyrir slíku leyfi.

Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar kemur fram að tvær fornleifar sem Ragnheiður Traustadóttir benti á hafi ekki fundist við vettvangsathugun, fjárskjól og varða. Uppgefin staðsetning fjárskjólins er sýnd á loftmynd í skýrslunni með bláum krossi. Staðsetningin er innan áhrifasvæðis háspennulínunnar. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi frekari upplýsingar um fjárskjóli, t.d. með því að fá Ragnheiði Traustadóttur til að vísa á það. Ef það er innan áhrifasvæðisins þurfi að merkja það á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.

Girðing (nr. 341:1), varða (nr. 338:1) og skotbyrgi (nr. 339:1) eru í línustæðinu skv. loftmynd í fornleifaskráningarskýrslu. Minjastofnun Íslands telur að þessar minjar þurfi að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 í landi Hafnarfjarðar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun.

Efla
Ólafur Árnason,
Höfðabakka 9
110 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 16. október 2014
Fvr 2014100005 IKM


Efni: Frekari umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Suðurnesjalínu 2 í landi Hafnarfjarðar.

Minjastofnun veitti umsögn um fyrirhugaða lagningu Suðurnesjalínu 2 um Hafnarfjörð með bréfi dags. 3. okt. s.l. Í umsögninni var vísað í upplýsingar úr skýrslu Fornleifafræðistofunnar, *Endurskoðun á skýrslum um fornleifar í Hafnarfirði vegna framkvæmdaleyfis fyrir Suðurnesjalínu 2*. Í þeirri skýrslu kom m.a. fram að tvær fornleifar sem Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur hafði bent á, fjárskjól og varða, hafi ekki fundist við vettvangsathugun. Minjastofnun Íslands taldi að fá þyrfti frekari upplýsingar um þessar minjar og taka tillit til þeirra ef þær væru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Minjastofnun Íslands hafa borist nýjar upplýsingar um fjárskjólið og vörðuna. Fjárskjólið er langt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og er því ekki í hættnu vegna fyrirhugaðrar línulagnar. Varðan (nr. 352) er hins vegar innan framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Minjastofnun Íslands vísar til fyrri umsagnar sinnar varðandi aðrar mótvægisáðgerðir vegna fyrirhugaða lagningu Suðurnesjalínu 2 um Hafnarfjörð. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem hjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Afrít sent: Skipulagsstofnun.

Minjastofnun Íslands,
Kristinn Magnússon,
Suðurgötu 39,
Reykjavík


Garðabæ, 6. október 2014

Efni: Suðurlína og fornleifar í hraununum fyrir ofan Hafnarfjörð

Undirrituð og Ómar Smári Ármannsson fornleifafræðingur lögðu til upplýsingar um minjar vegna fornleifaskráningar í hraununum fyrir ofan Hafnarfjörð, frá Hrauntungu til vesturs um Almanning, þar sem stendur til að leggja svonefnda suðurlínu, sem Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur hefur annast. Í þeim gögnum, sem undirrituð lagði til, var að finna ranga staðsetningu á Hrauntungufjárskjól (merkt 01 á korti). Hrauntungufjárskjól er í reynd langt frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og fjarri þeim stað sem gefinn var upp. Undirrituð hefur ásamt Ómari Smára gengið línustæðið og teljum við að engar minjar séu lengur óskráðar á því svæði og að skráð hafi verið langt út fyrir framkvæmdasvæðið og ætti það að tryggja að minjar á því fari ekki forgörðum.

Við viljum þó benda Minjastofnun Íslands á að ekki er um að ræða fullnaðarskráningu á minjum í hraununum fyrir ofan Hafnarfjörð, svo að skýrslan verði ekki álitin seinna meir fullnaðarskráning fyrir svæðið, þótt hún taki yfir miklu stærra svæði en lega línunnar og áhrifasvæði hennar gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,



Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur
Antikva ehf.